

Þau hjón voru á meðal hinna fyrstu Íslendinga, er fluttu vestur um haf, 1874. Dvöldu þau fyrst nokkur ár í fylkinu Nova Scotia, en fluttust síðan vestur á bóginn, eins og aðrir Íslendingar, sem þar dvöldu, og settust að í North Dakota í Bandaríkjunum.

Tvítugur að aldri byrjaði Magnús heitinn að lesa lögfræði og tók próf í henni eftir 3 ár; var hann hinn fyrsti Íslendingur, er tók lögfrædispróf í Ameríku.

Magnúsi heitnum er svo lýst af þeim, sem þektu hann, að hann hafi verið dugnaðar maður mesti, kappsamur og áhugafullur um öll störf, er hann tók þátt í, stefnusastur alvörumáður, en þó glaðlyndur í sinn hóp, örлátur og mjög vinfastur. Vegna lundarlags síns og mannkosta varð hann sjálfskjörinn leiðtogi manna í félagsmálum, og báru menn ávalt bezta traust til hans sem leiðtoga.

Sem málafræðslumaður ávann hann sér hylli og traust. Í 8 ár samfleytt var hann lögsknari fyrir Pembina County, var þrisvar endurkosinn í þá stöðu. Í málafræðslustörfum sínum var hann mjög vandvirkur og réttsýnn.

Þeim, sem þektu hann ber öllum saman um, að hann hafi verið drengur hinn bezti, að hann hafi haft flesta kosti íslenzks lundarfars til að bera. Það mun liggja í ætt hans.

Mannskaði mikill hefir orðið við frásall hans og söknuður sár vinum og vandamönnum. Þjóðslokkur vor hér sem heild má sakna hans, því hann var öruggur stuðningsmaður alls þess, sem hann trúði að væri honum til heilla. Sérstaklega munu þeir, sem starfað hafa hér að útbreiðslu trúarbragðalegs frjálslyndis minnast hans fyrir örلæti og stuðning með ráði og dáð.

Upphaf og þroskun únítaratrúarinnar í kristnu kyrkjunnni.

Framh.

Ný-Englands ríkin svo nefndu voru bygð af fólk, sem hafði yfirgefið England trúarskoðana sinna vegna. Kenningar og